

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþings

Efni:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 (EES-reglur). Mál 712 á 153. löggjafarþingi.

Vestmannaeyjahöfn vill vekja athygli á undanþáguákvæði reglugerðar nr. 352 frá 2017 um hafnir, en aðildarríki geta ákveðið að reglugerðin gildi ekki um hafnir við sjó sem staðsettar eru við ystu svæði samkvæmt 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Framkvæmda- og hafnarráð, sem er hafnarstjórn í skilningi laga og reglugerð um hafnir, er þeirrar skoðunar að nýta eigi þetta ákvæði og hafnar því ákvæðum frumvarps til laga um breytingu á 9. gr. a í hafnalögum nr. 61/2003.

Vestmannaeyjahöfn vill einnig koma á framfæri við Alþingi athugasemd við tillögu að breytingu á 1. gr frumvarpsins þar sem kemur fram að höfnum sé skylt að eiga samráð við neytendur hafnarþjónustu. Gjaldskrá Vestmannaeyjahafnar er unnin á hverju ári og teljum við mjög íþyngjandi ef við eigum að vera í samráði við okkar fjölmörgu notendur um gjaldská hafnarinnar.

Vestmannaeyjar, 8. mars 2023

F.h. Vestmannaeyjahafnar


Erlingur Guðbjörnsson, formaður